

- b) Ef seinni liður samsetts orðs hefst á s, má sleppa s-i eignarfalls í fyrri lið, ef svo er títt í samsvarandi eldri orðum, t. d. **námstjóri, námstjórn, sbr. hreppstjóri, hreppstjórn, skipstjóri, skipstjórn** o. s. frv.

40. gr.

Tvenns konar orðmyndir má nota, ef ekki fer í bága við venjur um málvöndun, t. d. **hef, hefur, eða hefi, hefir; steig, sté** (hins vegar ekki **stég**) o. s. frv. Um slík atriði ber að jafnaði að gæta samkvæmni.

41. gr.

Um þau atriði íslenskrar stafsetningar, sem ekki er fjallað um í þessari auglýsingu, gilda áfram þær meginreglur, sem farið hefur verið eftir í íslenskum skólum.

14. KAFLI

Um gildistöku auglýsingarinnar.

42. gr.

Auglýsing þessi öðlast gildi hinn 1. september 1974, en frá sama tíma falla úr gildi eftirtaldar auglýsingar: Auglýsing nr. 15/1918, um eina og sömu stafsetningu í skólum og á skólabókum, Auglýsing um íslenzka stafsetningu, sbr. Lögbirtingablað nr. 9, 22. ár, 28. febrúar 1929, og Auglýsing nr. 272/1973, um afnám Z.

Heimilt er þó að nota kennslubækur með þeirri stafsetningu, sem gilt hefur til þessa, meðan upplag þeirra endist; enn fremur kennslubækur, sem þegar eru komnar í setningu.

Menntamálaráðuneytið mun hlutast til um, að út verði gefin á næstunni leiðbeiningabók í íslenskri stafsetningu, einkum ætluð kennurum.

Menntamálaráðuneytið, 3. maí 1974.

Magnús T. Ólafsson.

Birgir Thorlacius.

AUGLÝSING

um greinarmerkjasetningu.

1. KAFLI

ALMENNT ÁKVÆÐI

1. gr.

Eftirfarandi reglur skulu gilda um greinarmerkjasetningu í íslenskum skólum, um kennslubækur útgefnar eða styrktar af ríkisfé, svo og um embættisgögn, sem út eru gefin.

2. KAFLI

UM PUNKT

2. gr.

1. Punkt skal setja á eftir **málsgrein**, enda felur það hugtak þá einnig í sér svo kölluð málsgreinarígildi. Þó má í sumum tilvikum nota semikömmu á eftir málsgrein, sjá reglur um það lesmerki, 9. gr.

2. Punkt skal setja á eftir raðtölustaf, t. d. 3. (þriðji).
Frá lið 2 eru þessar undantekningar:
- Ekki þykir fara vel á að nota skástrik við tákun dagsetninga, t. d. 20/11 (20. nóvember), en ef skástrikið er notað, skal ekki setja punkt á eftir raðtölunum.
 - Punkt skal ekki setja á eftir raðtölustaf í bugðu, t. d. 1), 2) (1. liður, 2. liður eða þviumlíkt).
3. Punkt skal setja á eftir skammstöfun. Ef skammstöfunin varðar fleiri en eitt orð, skal setja punkt á milli þeirra stafa, sem tákna einstök orð í skammstöfuninni.
Dæmi: hr. (herra), a. m. k. (að minnsta kosti), o. fl. (og fleiri). Athuga þer, að engan punkt skal setja, þegar fyrri hluti orðs er skammstafaður, t. d. Rvík (Reykjavík), Khöfn (Kaupmannahöfn). Ekki er settur punktur á eftir skammstöfunum í mælikerfinu (metrakerfinu), t. d. m (= metri), km (= kílómetri), hl (= hektólítri), né heldur ýmsum erlendum skammstöfunum, ef notaðar eru, t. d. ca (= hér um bil).
Stofnanir, félög og fyrirtæki má skammstafa með upphafsstöfum einum án bils og punkt, þar sem skil eru milli einstakra orða, t. d. MA (Menntaskólinn á Akureyri), KR (Knattspyrnufélag Reykjavíkur), SÍS (Samband íslenskra samvinnufélaga).
4. Þrír punktar eru notaðir sem merki um úrfellingu úr texta, t. d. Auk fjölskyldunnar var . . . hjá okkur vinnukona (Hér er sleppt úr fyrst framan af).

3. KAFLI UM KOMMUR

3. gr.

Komma inni í setningum o. fl.

Inni í setningum eða í lok setningar skal afmarka eftirfarandi liði með kommu (kommu):

1. Ávarpslið.

Dæmi: Nonni minn, af hverju gerðirðu þetta? — Ertu veikur, Nonni minn?

2. Innfella liði og viðaukaliði, sem fella má brott, án þess að setningin glati við það sjálfstæðri merkingu. Sama gildir um sams konar liði innan aukasetninga.

Dæmi: Árni Jónsson, prestur á Stað, dó í gær. — Sumir togarar, t. d. Svalbakur, fiskuðu vel, — Jón kemur bráðum, áreiðanlega fyrir jól. — Jón sagði mér, að Árni Jónsson, presturinn á Stað, hefði dáði í gær. — Blöðin geta þess, að sumir togarar, t. d. Svalbakur, hafi fiskað vel. — Sú frétt barst út, að Jón kæmi bráðlega, áreiðanlega fyrir jól.

3. Ótengda liði í upptalningu.

Dæmi: Jón, Sveinn, Guðmundur og Bjarni eru bræður.

4. Upphrópun, sem skýrð er með setningu.

Dæmi: Æ, láttu ekki svona!

5. Um greinarmerkjasetningu á bréfum gildir sú regla, að ekki skal setja kommu milli liða, en utanáskriftin skal enda á punkti.

Dæmi: Hr. kennari

Árni Jónsson

Brúnkuskjólí 4

Þvervík.

6. Heimilt er að setja kommur milli liða í setningu, þótt það brjóti í bága við þessar reglur, ef nauðsynlegt er til að koma í veg fyrir misskilning (margræðni). Auk þess er heimilt að setja önnur merki í stað kommu í sama skyni.

Dæmi: Setningin — **Jón, Guðmundur, Sveinn og Bjarni eru bræður** — er tvíræð, því að hugsanlegt er, að **Jón** sé ávarpsliður. Ef svo stendur á, má setja upphröpunarmerki á eftir ávarpsliðnum, t. d. **Jón! Guðmundur, Sveinn og Bjarni eru bræður**.

4. gr.

Komma milli aðalsetninga.

Milli aðalsetninga skal því aðeins setja kommu, að þær séu **ótengdar**.

Dæmi: Sigríður húsfreyja lagði á borðið, bauð gestunum til sætis og settist niður. Sjá nánara í 7. gr.

5. gr.

Komma milli aðalsetningar og aukasetningar.

Milli aðalsetningar og aukasetningar skal aldrei setja kommu, sbr. þó 6. gr. um innskotssetningar og 7. gr. um kommu í setningarunum.

6. gr.

Innskotssetningar.

1. Innskotssetningu, sem fleygar aðra setningu, skal afmarka með kommu, hvort sem um er að ræða aðalsetningu eða aukasetningu.

Dæmi: Árni er, **segir almannarómur**, skáld gott. — Um haustið, **þegar veður tók að versna**, brugðust allar samgöngur.

2. Föst fylgiorð, þar með talin fornöfn eins og **sá (sú, það)** og atviksorðið **þar**, skulu að jafnaði fylgja tilvísunarfor nafni og ekki greinast frá því með kommu. Enga kommu þarf að setja á eftir setningunni, sem hefst á fyrr greindum orðum.
- Dæmi:** Sá sem fæst við erfið verkefni verður að leggja hart að sér.

7. gr.

Komma í setningarunum.

Ef setningar koma hver á fætur annarri, þannig að þær orka sem upptalning, skal setja kommu milli þeirra, hvort sem um aðal- eða aukasetningar er að ræða.

Dæmi: Jón stökk út úr rúminu, klæddi sig í skyndi, borðaði morgunverðinn og flýtti sér til vinnu sinnar. — Þegar veðrið er gott, sólin skín glatt, fuglarnir kvaka, sauðfé dreifir sér um hagana og ég ligg marflatur í grasinu líður mér vel.

8. gr.

Heimildarákvæði um kommuasetningu.

1. Heimilt er að setja kommu milli setninga, ef nauðsynlegt er til að koma í veg fyrir misskilning (margræðni), þótt það brjóti í bága við fyrr greindar reglur.
2. Heimilt er að nota **hlékommu** (pausekomma) í listrænu skyni til að ákveða hik eða þagnir í lestri í samræmi við hugmyndir höfundar texta um lestur, framsögn eða stíl. Slík kommuasetning skal þó ekki kennd í skólum né gilda á skólaprófum.

4. KAFLI

ÖNNUR GREINARMERKI

9. gr.

Semíkomma.

1. Í stað punkts má setja semíkommu milli málsgreina, ef málsgreinarnar eru **merkningarlega nátengdar**, þó einkum ef síðari málsgreinin táknar **afleiðingu** hinnar fyrri eða **andstæðu** hennar.

Dæmi: Hegðun nemendanna var mjög ólík; þess vegna var erfitt að áfella kennarann fyrir ólíka framkomu við þá. — Jón varð fyrir aðkasti margra; samt lagði hann engum illt til.

2. Milli ósamkynja liða í upptalningu skal setja semikömmu, einkum til að greina þá frá samkynja liðum.

Dæmi: Verslunin selur ýmiss konar vörur: pappír, ritföng; sígarettur, vindla, neftóbak; sápur, ilmvötn og aðra hreinlætisvöru.

10. gr.

Tvípunktur.

1. Tvípunkt skal setja á undan beinni ræðu eða beinum tilvitnunum, ef á undan fara inngangsorð.

Dæmi: Eftir andartak sagði Jón: „Jú, ég kem með þér.“ — Í Íslenskum þjóðháttum segir svo: „Gömul venja mun það hafa verið á landi hér að slátra kind rétt fyrir jólin.“

2. Tvípunkt skal setja á undan upptalningu eða skýringu, sem er sett á eftir setningu, sem væri sjálfstæð málsgrein, þótt upptalningunni eða skýringunni væri sleppt.

Dæmi: Þessir drengir hlutu verðlaun: Ásgeir, Árni og Jón. — Við nánari athugun hef ég komist að eftirfarandi niðurstöðu: Orðið kemur fyrst fyrir í vísu eftir Hallfreð og er þá karlkyns. Kvenkynsmyndin er ókunn fyrir en á 19. öld.

11. gr.

Gæsalappir.

1. Gæsalappir skal setja á undan og eftir beinni ræðu. Athuga ber að ljúka málsgrein með gæsalöppum, ef bein ræða endar á annarri beinni ræðu, sem inn í hana er skotið.

Dæmi: „Komdu inn, Kristján minn“, sagði húsfreyja. — Ásgeir mælti: „Afi sagði orðrétt við mig: „Hertu þig nú, strákur“.“

2. Orðréttar tilvitnanir skal að jafnaði auðkenna með gæsalöppum.

Dæmi: „Koma dagar, ráðast ráð,“ segir Örn Arnarson í Rímum af Oddi sterka. Ef tilvitnanir eru mjög langar, fer oft betur á því að hafa þær inndregnar, og eru gæsalappir þá óþarfar.

3. Nota má gæsalappir sem merki um afsökunarbeiðni, t. d. þegar menn sletta erlendum orðum.

Dæmi: Þetta er ekki „fair play“.

4. Ef tilgreind er merking orðs eða orðasambands, skal setja orðið, sem táknar hana, innan gæsalappa.

Dæmi: Orðtakið að hrökkva upp af klaknum merkir „að deyja“. Í lið 3 og 4 mætti eins nota einfaldar gæsalappir, t. d. „deyja“.

12. gr.

Afstaða annarra lesmerkja til gæsalappa o. fl.

1. Punktur, komma, spurningarmerki og upphrópunarmerki skulu koma á undan gæsalöppum í lok setningar eða hluta setningar.

Dæmi: Árni sagði: „Jón kemur bráðum.“ — „Við Stjórnarráðshúsið,“ sagði Ásgeir, „stendur stytta Hannesar Hafsteins.“ — Arnór spurði: „Hvenær leggur skipið að?“ — „Sveiattan!“ sagði gamla konan.

Þó skal setja punkt á eftir gæsalöppum, ef þær eru notaðar til auðkennis hluta málsgreinar (setningar), t. d. Að bíta á agnið merkir „að láta ginnast“.

2. Semikomma skal koma á eftir gæsalöppum.

Dæmi: Haraldur var dómhvatur og sagði m. a.: „Embættisfærsla Guðmundar er neðan við allar hellur“; en enginn viðstaddra samþykkti þetta.

3. Ekki skal setja punkt við lok málsgreinar innan sviga né heldur á undan sviganum. Hins vegar kemur punktur á eftir sviga í lok málsgreinar.

Dæmi: Við norðurenda hússins (Hér er átt við hús Péturs Jónssonar) stendur bílskúr. — Bílskúr stendur við norðurenda hússins (Hér er átt við hús Péturs Jónssonar).

13. gr.

Undirstrikun — skáletur.

Ef menn vilja eða ef nauðsynlegt er að auðkenna orð eða orðasamband sérstaklega, má gera það með undirstrikun í skrifuðu máli og vélrituðu, en skáletri eða feitletri á prenti.

Dæmi: Erfitt er að sanna, hvort rita eigi orðið **bylting** með **y** eða **i**. — Orðið **braut** gat beygst svo í fornmáli: nf. et. **braut**, þf. **braut**, þgf. **brautu**, ef. **brautar**. Orðasambandið á **brautu** er leifar þessarar beygingar.

14. gr.

Spurningarmerki.

Spurningarmerki skal setja á eftir málsgrein (málsgreinarígildi), sem felur í sér beina spurningu.

Dæmi: Hvenær kemur Jón? — „Er þetta satt?“ sagði Nonni, — Er þetta báturinn sem þú keyptir í vor?“ — „Amma kemur bráðum heim.“ „Hvenær?“

15. gr.

Upphrópunarmerki.

1. Upphrópunarmerki skal setja á eftir einstökum orðum eða málsgreinum, sem felst í upphrópun (t. d. fögnuður, skipun, fyrirlitning o. s. frv.).

Dæmi: Heyr! — Hypjaðu þig burt! — Svei! Æ, láttu ekki svona!

2. Upphrópunarmerki má setja á eftir ávarpi í upphafi bréfs eða ræðu.

Dæmi: Kæri vinur! — Góðir áheyrendur!

3. Nota má upphrópunarmerki sem háðsmerki.

Dæmi: Orðrétt segir höfundur: „Margir lækningar (!) eru mestu klaufar.“

16. gr.

Svigar og hornklofar.

1. Sviga má setja utan um innskot, sem sett eru til skýringar.

Dæmi: Árið eftir (1928) fluttist Jón suður.

2. Hornklofa skal setja utan um það, sem skotið er inn í orðréttu tilvitnun.

Dæmi: „Honum [þ. e. **Hvítungi**] hafði ekki orðið eitrið að bana“. Hið innskotna orð skal auðkennt, t. d. með undirstrikun í skrifuðu máli og skáletri eða feitletri á prenti. Um afstöðu annarra lesmerkja til sviga, sjá Afstöðu annarra lesmerkja til gæsalappa o. fl., 12. gr., 3. lið.

17. gr.

Úrfellingarmerki.

Úrfellingarmerki má nota til þess að sýna, að fella eigi brott staf í framburði eða að felldur hafi verið brott stafur (stafir), sem geti komið fram í framburði.

Dæmi: Finni' hann laufblað fölnað eitt,

fordæmir hann skóginn. —

o'níburður (= ofaníburður).

18. gr.

Strik.

1. Strik má nota til þess að afmarka innskot eða viðauka, sem menn vilja leggja sérstaka áherslu á.

Dæmi: Í Háskólanum — og hvergi nema í Háskólanum — er kennd bókasafnsfræði. — Mér féll vel við alla nemendur mína — nema einn.

2. Á milli tölustafa má setja strik í stað orðsins til.

Dæmi: Ég verð erlendis 3 — 4 ár.

3. Á milli orða, sem tákna **andstæður** eða í felst **stigmunur**, má setja strik.

Dæmi: Hvítt — svart. — Volgur — hlýr — heitur.

4. Nota má strik í upptalningu dæma, sbr. t. d. dæmin í lið 3.

19. gr.

Bugða.

Bugðu má nota, þegar liðir upptalningar eru merktir með tölustöfum eða bókstöfum.

Dæmi: Á fundinum voru þessi mál rædd: 1) varnarmálin, 2) landhelgismálið, 3) efnahagsmálin og 4) stjórnmalaviðhorfið almennt. — Háskólakennarar skiptast í þessa flokka: a) prófessora, b) dósentar, c) lektora, d) aðjunktta, e) stundakennara.

20. gr.

Band.

Um skiptingu milli lína gilda þessar reglur:

1. Skipta skal samsettum orðum og forskeyttum um samskeyti (stofnamót) og fleirsamsettum orðum um aðalsamskeyti.

Dæmi: **borð-dúkur**, **for-maður**, **dýraverndunar-félag**.

Sama regla gildir um viðskeytt orð, ef viðskeytið er í málvitund manna sjálfstæð heild.

Dæmi: **sann-leikur**, **hór-dómur**, **list-rænn**, **strák-lingur**.

2. Skipta skal ósamsettum orðum þannig, að síðari hlutinn hefjist á sérhljóði endingar.

Dæmi: **hundarn-ir**, **vænst-ur**, **manns- ins**.

3. Band er stundum sett milli liða samsettra orða, einkum í staðanöfnum, ef síðari hluti þess er sérnafn, og í mannanöfnum, sem hafa viðurnefni að forlið, enn fremur í lýsingarorðum, sem samsett eru af tveimur liðum, sem tákna þjóðerni.

Dæmi: **Suður-Múlasýsla**; **Víga-Hrappur**; **þýsk-franskur**.

5. KAFLI

21. gr.

Auglýsing þessi öðlast gildi hinn. 1. september 1974.

Heimilt er þó að nota kennslubækur með þeirri greinarmerkjasetningu, sem gilt hefur til þessa, meðan upplag þeirra endist; enn fremur kennslubækur, sem þegar eru komnar í setningu.

Menntamálaráðuneytið, 3. maí 1974.

Magnús T. Ólafsson.

Birgir Thorlacius.